

Menning

Menning

Menning

Menning

Septem

1972-1982

Septembersýningin 1982 kom eins og venjulega en staldraði aðeins örskamma stund að Kjarvalsstöðum. Myndirnar héngu uppi í rúma viku og er það alltof stuttur tími fyrir svo yfirgripsmikla og fjölbreytilega sýningu.

Byltingarmenn?


Einu sinni byltingarmenn, nú viðurkenndir listmálarar, halda septembermennirnir sína árlegu samsýningu til að kynna listunndum afrakstur vinnunnar.

Þegar rætt er um septemberhópin (eina reglulega listhópin sem safnast utan um ákveðna hugmynd?) klingir í hugum margra: abstrakt, abstrakt!! Jú, þetta eru nokkrir af þeim listamönnum sem fyrstir kynntu abstraktlistina hér á landi í lok 5. áratugarins.

En hvernig stendur abstraktið dag? Við getum sagt að septemberhópin sé einskonar „mælikvarði“ á íslenska abstraktlist. Og hér á sýningunni kemur greinilega fram að hluti þessarar kynslóðar hefur snúið sér meir og meir að raunveruleikanum. Myndirnar hér á sýningunni eftir Jóhannes Jóhannesson sýna glögglega þessa breytingu sem raunar hefur verið að gerjast hjá listamanninum á síðastliðnum árum. Jóhannes hefur mikið unnið með hálf-lífræn form og nú undirstrikar hann þessa náttúruskirkotun með því að setja inn áberandi sjóndeildarhring sem gefur þessum lífrænu formum ákveðnari og skýrari skyntengsl — svo sem laubblöð eða fuglar. En á sama hátt eru tengsl milli umhverfisins og formanna, milli forgrunnins og bakgrunnins fremur óskýr, þar sem formunum virðist nánast stillt upp í rýminu. Maður setur því ósjálfrátt spurningarmerki við þessar myndir sem vitna þó um athyglisverðar breytingar í málverki listamannsins. Myndin Stormur eftir Jóhannes er eflaust heillegasta og besta úrlausnin af þessum landslags-abstraktionum.

Kristján Davíðsson

Minni breytingar koma fram í myndverkum Kristjáns Davíðssonar, sem sýnir hér ærslafullar og kraftmiklar expression abstraktionir sem vísa þó (eins og reyndar áður!) beint í ákveðin náttúrufrýrbrigði. En þessi náttúruupplifun í verkum listamannsins er þó frekar afleiðing en forsenda að listsköpun hans. Hér grundvallast málverkið á samhljómun lita og óendanlegri hreyfingu, sem listamaðurinn gefur ákveðið streymi á myndfletinum. En þar sem verk listamannsins eru túlkunarlega séð opin og óráðin er eðlilegt að áhorfandinn lesi út úr þeim (þ.e. út úr þessu streymi) samsvarandi form/hreyfingu sem hann getur fundið í íslenskrí náttúru eins og t.d.



Málverk '82 eftir Þorvald Skúlason. Það er sem formhreyfing fyrri mynda listamannsins hafi verið beislúð á myndfletinum sem nú elur af sér magnaða spennu milli hringforma og boglína.

flæðarmál og hraun. Myndin „Rauðasandsríma III“ er mögnuð „synthesa“ á expressionískri list hugmynd og nærri náttúruskirkotun.

Valtýr

Valtýr Pétursson er þó greinilega figuratífasti septembermaðurinn. Miklar breytingar hafa átt sér stað í myndverki listamannsins, sem yfirgaf abstraktið og málaði um tíma óráðið landslag. En á síðastliðnum árum hafa áhorfendur mátt greina nákvæmari og skýrari vinnubrögð hjá listamanninum sem lagt hefur áherslu á að umbreyta okkar hversdagslega umhverfi í nánast geometriskar uppstillingar. Og þó svo við getum fundið ákveðna hvata að þessari myndgerð listamannsins segir hún okkur fyrst og fremst að Valtýr notar geometrísku stílfræði — sitt upphaflega myndmál — til að þýða og lýsa nærtækum veruleika. Og enn fremur að þrátt fyrir hversdagsleg myndefni þá eru þetta myndir sem byggjast á rök-réttri innri samsetningu þar sem raðað er upp möguleikum og samspili geometriskra eininga. Myndin Uppstilling er ágætt dæmi um hvernig listamaðurinn einfaldar hversdagslegt umhverfi í geometrískan formheim. Það verður því fróðlegt að sjá hvort listamaðurinn nálgist abstraktionina enn frekar og hvort hans figuratífa reynsla eigi eftir að gefa honum endurnýjað sjónarhorn á hugtakið abstraktion.

Abstrakt listmálari

Guðmunda Andrédóttir er abstraktmálari, sem markað hefur sér nokkuð þröngt svið þar sem hún hefur leitað og gert athyglisverðar rannsóknir á rými, línu og nokkrum formgerðum. Síðastliðin ár hafa málverk hennar einkennst af hreyfi- og flatarmöguleikum hringformsins, sem átti eftir að ala af sér bylgjuformin, sem í senn voru lifandi en þó ávallt bundin á myndflötinn. Við finnum enn þessar rannsóknir hjá listakonunni, en auk þess hafa komið inn í myndverk hennar, eins og t.d. Rökkur nýir rythmar, línur með öra hreyfingu sem endurtekin er yfir myndflötinn. Þessi „línur“ gefa myndverki Guðmundu dýnamískara yfirbragð, sem skemmtilegt verður að fylgjast með í hinni nákvæmu úrvinnslu listakonunnar.

Þorvaldur Skúlason

Þorvaldur Skúlason kemur enn einu sinni fram með endurnýjaðar og heilsteypar myndir. Hann hefur fjarlægst hin hvössu flugform sem liðu gjarnan yfir djúpt myndrýmið. Hann vinnur nú með myndbyggingu utan um einn eða fleiri kjarna. Það er sem formhreyfing fyrri mynda listamannsins hafi verið



Rökkur '82 eftir Guðmundu Andrédóttur. Nýir rythmar eru komnir inn í myndverk listakonunnar sem fengið hafa dýnamískara yfirbragð.




Rauðasandsríma '82 eftir Kristján Davíðsson. Hér grundvallast málverkið á samhljómun lita og óendanlegri hreyfingu sem listamaðurinn gefur ákveðið streymi.

beislúð á myndfletinum. En við það skapast ákveðin spennu milli hringformanna eða milli hringformanna og boglínanna sem umleika þau. Þessi spennu er síðan mögnuð með því að „lýsa upp“ litinn umhverfis línur og form. Þannig framkallast viss „vibration“ sem þó er ávallt hugvitsamlega beislúð. Þessi seria gaf áhorfendum gott tækifæri til að kynna fjölda úrlausna á einni formhugmynd.

Karl Kvaran

Karl Kvaran sýndi fjögur stór málverk og sýndu þrjú þeirra okkur athyglisverðar breytingar hjá listamanninum. Karl sem ávallt hefur unnið með skýrt afmörkuð form og afgerandi litaandstæður, vill nú gefa litnum nýjar sjónrænar víddir. Þetta gerir hann með því að grisja yfirborð myndarinnar með hvítum lit, sem um leið hleypir í gegn högværum litbrigðum. Teikningin sem hefur ávallt verið allsráðandi í myndverki listamannsins hefur dregist inn í hvítt heildarformið sem dreift er yfir myndflötinn. En þessi verk eru langt frá því að vera einlitamyndir því listamaður-



Stormur '82 eftir Jóhannes Jóhannesson. Listamaðurinn hefur mikið unnið hálf-lífræn form en undirstrikar nú þessa náttúruupplifun með fjarlægum sjóndeildarhring.